

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 61. fundur.

að Hlíðavegi 6, 15. september 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
 2. Sameining sveitarfélaga. Seinni umræða um málefnskrá.
 3. Bréf Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna kærðu Helluholts ehf á afgreiðslu sveitarstjórnar frá 6. júlí þar sem ekki var heimiluð breyting á notkun hússins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.
 4. Fundargerð skólanefndar frá 5. september.
 5. Bréf Umhverfisstofnunar þar sem lagst er gegn breytingum á aðalskipulagi við Helgavog.
 6. Bréf starfsmanna Reykjahlíðarskóla þar sem óskað er eftir að starfsmenn skólans/Skútustaðahrepps fái notið afsláttar í Íþróttamiðstöð.
 7. Bréf Flugmálastjórnar þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar um rekstur flugvallar í samræmi við reglugerð um flugvelli.
 8. Umræður um landnýtingar- og landbótaáætlun.
- Til kynningar: Bréf Umhverfisstofnunar um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson. Við umræður um 3. og 5. mál vék Birkir af fundi og Sverrir Karlsson tók sæti hans.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskar eftir að sem 8. máli á dagskrá verði bætt umræðum um landnýtingar- og landbótaáætlun.

2. Sameining sveitarfélaga. Seinni umræða um málefnskrá.

Miklar umræður urðu um málefnskrána vegna sameiningar sveitarfélaga sem og um sameiningu sveitarfélaga. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er einhuga um að mæla með að tillaga sú sem fyrir liggur um sameiningu sveitarfélaga verði samþykkt.

3. Bréf Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna kæru Helluholts ehf á afgreiðslu sveitarstjórnar frá 6. júlí þar sem ekki var heimiluð breyting á notkun hússins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.

Farið var yfir efnisatriði kærunnar og sveitarstjóra falið að undirbúa greinargerð af hálfu sveitarstjórnar sem lögð verður fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Þar sem gögn málsins bárust ekki fyrr en 12. sept. hefur Úsb framlengt andsvaramót sveitarstjórnar til 5. okt.

4. Fundargerð skólanefndar frá 5. september.

Fyrstu 4. liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

Í 5. lið er þremur spurningum beint til sveitarstjórnar:

Varðandi hvenær lokið skuli við skólalóð að erfitt er um að svara. Til skamms tíma var gert ráð fyrir viðbyggingu við skólann, en áform þar um lögð á hilluna eins og kunnugt er. Þá hefur jafnframt staðið til að byggja heilsugæslustöð á svæðinu. Þau áform kunna að breytast. Eins og málum er nú háttað hanga þessi mál að nokkru í lausu lofti. Þó má benda á svör sem hér fara á eftir varðandi sparkvöll.

Varðandi umsókn um sparkvöll hjá KSÍ er því til að svara að ekki liggur ljóst fyrir á þessari stundu hvort framhald verður á byggingu sparkvalla af hálfu KSÍ. Það skýrist nánar í næsta mánuði. Sveitarstjóra er falið að ítreka við KSÍ að áhugi sé fyrir hendi að taka þátt í verkefninu ef framhald verður á.

Forsendur hækkunar í mötuneyti um tíu krónur á morgunverð og aðrar tíu fyrir hádegisverð eru þær að verðlagsforsendur hafa verið að breytast eins og alls staðar blasið við um þessar mundir og m.a. hafði hækkunum á kjötvörum verið spáð.

Mötuneytið er síðan að sjálfsgöð gert upp og endurgreitt ef ofgreitt hefur verið, en viðbótarreikningur sendur ef vangreitt hefur verið. Öll skynsemi þótti mæla með að hækka verðið nú en hádegisverður kostar 180 kr. og morgunverður 80 kr. Þessi kostnaður mun vera með því lægsta sem þekkist.

5. Bréf Umhverfisstofnunar þar sem lagst er gegn breytingum á aðalskipulagi við Helgavog.

Sveitarstjóri fór yfir efnisatriði bréfsins og í kjölfarið var honum falið að kæra úrskurð Umhverfisstofnunar til umhverfisráðherra á þeim forsendum sem sveitarstjórn og sveitarstjóri lögðu til grundvallar í yfirferð sinni.

6. Bréf starfsmanna Reykjahliðarskóla þar sem óskað er eftir að starfsmenn skólans/Skútustaðahrepps fái notið afsláttar í Íþróttamiðstöð.

Sveitarstjórn samþykkir að öllum íbúum hreppsins gefist kostur á að nota tækjasalinn í Íþróttamiðstöðinni án endurgjalds til áramóta. Um áramót verði ákvörðunin endurskoðuð.

Sveitarstjórn væntir þess að sem flestir nýti sér þetta tækifæri.

7. Bréf Flugmálastjórnar þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar um rekstur flugvallar í samræmi við reglugerð um flugvelli.

Sveitarstjórn fellst á rekstur Flugmálastjórnar á flugvöllum í Herðubreiðalindum og Reykjahlíð án athugasemda.

8. Umræður um landnýtingar- og landbótaáætlun.

Umræður urðu um stöðu mála.

Til kynningar: Bréf Umhverfisstofnunar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.